

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
145. fundur.

**Miðvikudaginn 26. mars 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Fundargerðir:**
  - a) Stjórnar Norðurár bs. dags. 26. febrúar 2014.
  - b) Stjórnar Sambands. Ísl. Sveitarfélaga, dags. 28. febrúar 2014.
  - c) Fundar um málefni Áfanga, dags. 12. mars 2014.
  - d) Stjórnar SSNV, dags. 14. október 2013.
  - e) Stjórnar SSNV, dags. 17. október 2013.
  - f) Stjórnar SSNV, dags. 21. október 2013.
  - g) Stjórnar SSNV, dags. 6. nóvember 2013.
  - h) Stjórnar SSNV, dags. 21. nóvember 2013.
  - i) Stjórnar SSNV, dags. 5. desember 2013.
  - j) Stjórnar SSNV, dags. 16. desember 2013.
  - k) Stjórnar SSNV, dags. 13. janúar 2014.
  - l) Stjórnar SSNV, dags. 23. janúar 2014.
3. **Ársreikningur Húnavatnshrepps 2013, fyrri umræða.**
4. **Bréf:**
  - a) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 10. 02. 2014.
  - b) Frá UMFÍ, dags. 28. 02. 2014.
  - c) Frá UMFÍ, dags. 28. 02. 2014.
  - d) Frá stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra, dags. 27. 02. 2014.
  - e) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 28. 02. 2014.
5. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

**1. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu málum sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Á fundi með fulltrúum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands-vestra, leigutaka sundlaugar og starfsmönnum Húnavatnshrepps var samþykkt að fara í nauðsynlegar endurbætur á sundlaug Húnavallaskóla er varða klórgeymslu, öryggismál, umhverfi og merkingar.

Þóru Sverrisdóttur, Jóni Gíslasyni og sveitarstjóra var falið að funda með leigutaka sundlaugarinnar.

Á aðalfundi Húnavers sem haldinn var þann 11. 03. 2014 kom fram að verulegar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæðinu og umhverfi þess undanfarin ár. Húsvörður kynnti hugmyndir sínar um áframhaldandi viðhaldsframkvæmdir á árinu 2014.

Þann 18. 03. 2014 var haldinn kynningarfundur á Húnavöllum um breytingar á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna Blönduveitu.

Þann 19. 03. 2014 funduðu aðilar í ferðaþjónustu við Kjalveg með vegamálastjóra um viðhaldsframkvæmdir á Kjalvegi í sumar.

Oddviti og sveitarstjóri sátu fund í Rvík þann 21. 03. 2014 með fulltrúum eMax og 365 miðla um fjarskiptakerfið í Húnavatnshreppi.

Samþykkt var að þjónustuver 365 miðla geri þjónustukönnun hjá notendum kerfisins í sveitarfélaginu og niðurstaðan verði kynnt í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
145. fundur.

**2. Fundargerðir:**

a) Stjórnar Norðurár bs. dags. 26. febrúar 2014.

Til kynningar.

b) Stjórnar Sambands. Ísl. Sveitarfélaga, dags. 28. febrúar 2014.

Til kynningar.

c) Fundar um málefni Áfanga, dags. 12. mars 2014.

Til kynningar. Sveitarstjórn samþykkti ákveðna breytingu frá fyrri samningi við skálaverði í Áfanga, vegna sumarsins 2014.

d) Stjórnar SSNV, dags. 14. október 2013.

Til kynningar.

e) Stjórnar SSNV, dags. 17. október 2013.

Til kynningar.

f) Stjórnar SSNV, dags. 21. Október 2013.

Til kynningar.

g) Stjórnar SSNV, dags. 6. nóvember 2013.

Til kynningar.

h) Stjórnar SSNV, dags. 21. nóvember 2013.

Til kynningar.

i) Stjórnar SSNV, dags. 5. desember 2013.

Til kynningar.

j) Stjórnar SSNV, dags. 16. desember 2013.

Til kynningar.

k) Stjórnar SSNV, dags 13. janúar 2014.

Til kynningar.

l) Stjórnar SSNV, dags 23. janúar 2014.

Til kynningar.

**3. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2013, fyrri umræða.**

Kristján Jónasson endurskoðandi sveitarfélagsins kynnti ársreikning Húnavatnshrepps 2013, sundurliðun ársreiknings, endurskoðunarskýrslu, ársreikning Auðkúluheiðar ehf. og Fasteigna Húnavatnshrepps ehf.

Rekstrartekjur A-hluta sveitarsjóðs voru 352,1 millj. kr. Rekstrargjöld 315,9 millj. kr. Fjármagnsgjöld voru 4,5 millj. kr. og söluhagnaður fjármuna 5,5 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs var jákvæð um 37,2 millj. kr. Rekstrarniðurstaða B-hluta sveitarsjóðs var jákvæð um 1. millj. kr.

Samþykkt var að vísa ársreikningunum til síðari umræðu.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
145. fundur.

**4. Bréf:**

a) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 10. 02. 2014.

Efni: Samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga vegna endurskoðunar tólf ára samgönguáætlunar 2015-2016 og fjarskiptaáætlunar 2015-2016.

Fulltrúar sveitarfélaga á Norðurlandi-vestra og stjórn SSSNV er boðið til fundar við fulltrúa Innanríkisráðuneytisins vegna undirbúnings á 12 ára samgöngu- og fjarskiptaáætlana.

Fundurinn verður á Sauðárkróki 8. apríl n.k. frá kl. 15.15 til 17.45. Tilkynna þarf þátttöku eigi síðar en 4. apríl n.k. Aðalfulltrúum í sveitarstjórn er gefinn kostur á að mæta á fundinn.

b) Frá UMFÍ, dags. 28. 02. 2014.

Efni: Varðar umsókn um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 6 landsmóts UMFÍ 50+ árið 2016. Sambandsaðilar UMFÍ þurfa samþykki þess sveitarfélags þar sem mótið skal haldið.

Til kynningar.

c) Frá UMFÍ, dags. 28. 02. 2014.

Efni: Varðar umsókn um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 20. Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið verður verslunarmannahelgina 2017. Sambandsaðilar UMFÍ þurfa samþykki þess sveitarfélags þar sem mótið skal haldið.

Til kynningar.

d) Frá stjórn Náttúrustofu Norðurlands vestra, dags. 27. 02. 2014.

Efni: Varðar Náttúrustofu Norðurlands vestra (NNV). Könnun á áhuga sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um að koma að starfsemi NNV. Stofan er án samnings við ríkið og því er engin starfsemi á hennar vegum nú um stundir. Á fjárlögum 2014 er framlag ríkisins til NNV 15,5 millj. kr. Gert er ráð fyrir að framlög sveitarfélaga séu 30% af framlagi ríkisins, eða um 4,65 millj. kr. og gerir stjórn stofnunarinnar ráð fyrir að framlag myndi skiptast í hlutfalli við íbúafjölda.

Óskað er eftir fundi með þeim sveitarfélögum sem áhuga hafa á að koma að starfsemi nýrrar stofu.

Sveitarstjórn samþykkti þátttöku í fundi um starfsemi NNV.

e) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 28. 02. 2014.

Efni: Afskriftarbeiðni á þinggjöldum einstaklinga sem fluttir eru úr landi.

Sveitarstjórn samþykkti erindið.

**5. Önnur mál.**

Samþykktir um afgreiðslur skipulags- og byggingarnefndar í Húnavatnshreppi voru lagðar fram til fyrri umræðu.

Samþykktunum var vísað til annarrar umræðu í sveitarstórn.

Sveitarstjórn samþykkir að samhliða sveitarstjórnarkosningum 31. maí 2014 fari fram skoðanakönnun meðal íbúa Húnavatnshrepps, þar sem spurt verði um afstöðu þeirra til sameiningar Húnavatnshrepps við önnur sveitarfélög.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
145. fundur.

Sveitarstjórn samþykkti að skipa Þóru Sverrisdóttur, Gísla Hólm Geirsson og sveitarstjóra í starfshóp, sem leggja á fram tillögu á næsta fundi sveitarstjórnar um framsetningu spurninganna.

Fleira ekki gert  
Fundur slitið kl. 17.30

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Gísli Hólm Geirsson

---

Jakob Sigurjónsson

---

Hjálmar Ólafsson

---

Ingibjörg Sigurðardóttir.

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Jón Gíslason

---

Jens P. Jensen